

Ed.

707. Nefndarálit

[251. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. l. nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluoliuverðs til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frv. þetta er að dómi minni hl. ekki til þess að leiða til réttlátrar lausnar á þeim vanda, sem sjávarútveginum stafar af hækkun eldsneytisverði, heldur mundi það stuðla að auknum vanda þar sem hér er gert ráð fyrir því að hróflað verði við grundvelli hlutaskipta og stuðlað að auknu misrétti á annan hátt. Fáir mánuðir eru síðan gerðar voru flausturslegar ráðstafanir vegna annarrar gengisfellingar helmingaskiptastjórnar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, og fer ríkisstjórninni nú enn verr úr hendi en áður að verja sjávarútveginn áföllum vegna klaufaskapar valdhafanna. Telst það til fádæma, að dregið skuli hafa verið í þrjá mánuði að gera ráðstafanir í átt við þá, sem frv. fjallar um, enda hafa fiskútflytjendur notað þennan óeðlilega frest ótæpilega til þess að koma útflutningsafurðum úr landi og undan gjöldum.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur verið ætlaður mjög skammur tími til þess að fjalla um frv. og er það vitavert að ekki skuli hafa verið haldnir sameiginlegir fundir beggja sjávarútvegsnefnda um svo viðamikil mál til þess að flýta fyrir og auðvelða afgreiðsluna.

Hagsmunaaðilar, sjómenn, útgerðarmenn og fiskverkendur hafa allir látið í ljós andstöðu gegn meginefni frv. og lýst áhyggjum sínum stórum vegna þeirrar stefnu stjórnvalda að hrófla jafngróflega og hér er gert við umsömdum arðskiptum. Nú er svo komið, að samkvæmt frv. þessu kemur aðeins til skipta tæpur helmingur afla upp úr sjó, og sjálfir flm. frv. viðurkenna, að hér sé löggjafarvaldið að breyta umsömdum hlutaskiptum. Þessi ráðstöfun verður ekki afsökuð né réttlætt með því að ætlunin sé að láta einhverja óskilgreinda nefnd semja um breytingar á hlutaskiptum á fiskiskipum. Þá er það skoðun minni hl. að fráleitt sé að loka sífellt augunum fyrir þeirri staðreynd, að verkafólk í fiskiðjuverunum á einnig sinn hátt í verðmæta-sköpuninni. Hlutur verkafólks í myndun útflutningsverðmætis nemur 20—25% í góðri fiskvinnslu og ætti gengiságóði að koma til skipta til þess fólks í hlutfalli við það, ekki síður en til annarra aðila.

Nærri því helmingur afkastamestu togara okkar liggur nú bundinn við bryggju vegna ráðleysis stjórnvalda, og væri þeim sæmra að stuðla að því, að þessi afkastamiklu fiskiskip okkar kæmst til veiða, heldur en rýra hlut þeirra sjómanna, sem enn er leyft að slunda fiskveiðar, og blása þannig í glæður enn meira ósamkomulags í þessari atvinnugrein okkar og stuðla þannig að aukinni hættu á frekari átökum.

Minni hl. mun bera fram á sérstöku þskj. brtt. við frv. þetta. Þar leggjum við til að ríkisstjórn verði heimilað að greiða Olíusjóði fiskiskipa allt að 200 millj. kr. úr ríkissjóði, og að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að firra áföllum þá útgerðarstaði þar sem sjómenn hafa ekki aðstöðu til frystingar á afla sínum, heldur verða að reiða sig á söltun eingöngu. Minni hl. mun gera frekari grein fyrir brtt. sínum í framsögu.

Alþingi, 13. maí 1975.

Stefán Jónsson,
frsm.

Jón Árm. Héðinsson.